

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 1140/2019, um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðsins „þrjár“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: fjórar.

b. Orðin „að tilhlutan lækni“ í 1. másl. 1. mgr. falla brott.

3. gr.

Í stað orðsins „þrjár“ í 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur: fjórar.

4. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Sé um að ræða fjórar ferðir umfram 20 km á almanaksári samkvæmt 1. mgr. 3. gr., vegna meðferðar utan heimabyggðar þar sem þjónustan er ekki fyrir hendi, skal sjúkratryggður leggja fram kvittanir fyrir ferðakostnaði vegna komu til sjálfstætt starfandi sérfræðings. Ef um komu á sjúkrahús eða aðrar heilbrigðisstofnanir er að ræða þarf að auki að leggja fram staðfestingu á komu.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, tekur gildi 1. júlí 2024.

Heilbrigðisráðuneytinu, 10. júní 2024.

Willum Þór Þórsson.

Sigurður Kári Arnason.